

Borgarráð

Sköpunartorg á vef Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki að setja í gang til reynslu framsækið lýðræðisverkefni sem snýst um að borgin bjóði upp á tilraunasvæði á vegum Reykjavíkurborgar í samræmi við meðfylgjandi tillögu sem lögð var fram á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 4. september sl. Kostnaður vegna þessa verkefnis er 3 m.kr. árið 2017, sem færist af kostnaðarstaðnum ófyrirséð, 09205. Frekari kostnaði vegna tillögunar er vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Greinargerð:

Verkefnið er í anda þess sem forsætisráðuneyti Finnlands er að vinna á vefsíðu (<https://www.kokeilunpaikka.fi/fi/>) sem gerð er, hýst og þjónustuð af íslenska fyrirtækinu Karolina Fund og var kynnt stjórnkerfis- og lýðræðisráði á fundi þess 24. apríl 2017. Á vefsíðunni setja íbúar inn hugmyndir að ýmiss konar tilraunum, ræða þær og þróa, og geta óskað eftir að Reykjavíkurborg rýni þær. Þegar hugmynd þykir fullunnin er hægt að setja hana í hóp fjármögnunarferli. Þar geta íbúar sjálfir fjármagnað hugmyndir og borgin á möguleika á að koma þar að, t.d. með því að leggja til fjármagn til jafns við það sem íbúar safna sjálfir, með styrkjum, með því að útvega hús- eða landsvæði, eða með öðrum hætti.

Svæðið er hugsað sem farvegur fyrir tilraunir sem íbúar hafa áhuga á en eiga annars ekki skýra leið innan Reykjavíkurborgar. Verkefni sem eru tímabundin, ekki í forgangi eins og er, eða utan ímyndunarafls Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tillaga stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um tilraunasvæði á vegum Reykjavíkurborgar, dags. 4. sept 2017.

Borgarráð

Tillaga - Tilraunsvæði á vegum Reykjavíkurborgar

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 4. sept 2017 var lögð fram eftirfarandi tillaga um tilraunsvæði á vegum Reykjavíkurborgar, ásamt greinargerð.

Lagt er til að Reykjavíkurborg setji í gang til reynslu framsækið lýðræðisverkefni sem snýst um að borgin bjóði upp á tilraunsvæði um samráð og fjármögnun verkefna. Á vefnum gefist fólki kostur á að setja fram hugmyndir að tilraunaverkefnum ræða þær hugmyndir og þróa, og fjármagna þær hugmyndir sem verða fyrir valinu. Möguleiki er á að borgin komi að fjármögnun valinna verkefna t.d. með því að jafna þá upphæð sem íbúar safna sjálfir. Lagt er til að 3 milljónir verði settar í þróun verkefnisins árið 2017, og 10 milljónir í framkvæmd þess árið 2018.

Greinargerð:

Verkefnið er í anda þess sem forsætisráðuneyti Finnlands er að vinna á vefsíðu (<https://www.kokeilunpaikka.fi/fi/>) sem gerð er og hýst og þjónustuð af íslenska fyrirtækinu Karolina Fund og var kynnt stjórnkerfis- og lýðræðisráði á fundi þess 24. apríl 2017. Á vefsíðunni setja íbúar inn hugmyndir að ýmiss konar tilraunum, ræða þær og þróa, og geta óskað eftir að Reykjavíkurborg rýni þær. Þegar hugmynd þykir fullunnin er hægt að setja hana í hópfiármögnunarferli. Þar geta íbúar sjálfir fjármagnað hugmyndir og borgin á möguleika á að koma þar að, t.d. með því að leggja til fjármagn til jafns við það sem íbúar safna sjálfir, með styrkjum, með því að útvega hús- eða landsvæði, eða með öðrum hætti.

Svæðið er hugsað sem farvegur fyrir tilraunir sem íbúar hafa áhuga á en eiga annars ekki skýra leið innan Reykjavíkurborgar. Verkefni sem eru tímabundin, ekki í forgangi eins og er, eða utan ímyndunarafls Reykjavíkurborgar.

Tilraunaverkefni þetta verður til að byrja með hýst á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og útfært í samvinnu við skrifstofu þjónustu og rekstur, fjármálaskrifstofu og fagsvið borgarinnar eftir þörfum. Lagt er til að á árinu 2017 verði 3 milljónir settar í að koma upp á vefnum kerfi í anda þess sem forsætisráðuneyti Finnlands er með og 2 milljónir til viðbótar 2018, alls 5 milljónir. Auk þess verði árið 2018 settar 2.5 milljónir í rekstur síðunnar og 5.5 milljónir í hönnun á útliti verkefnisins og kynningu á því.

Samþykkt var að vísa tillögunni til borgarráðs.

Stefán Eiríksson
e.u.